



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands
ÁRSSKÝRSLA 2015



SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE



Útgefandi: Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Umsjón: Birna Gunnarsdóttir

Prófarkalestur: Pétur Ástvaldsson

Útlit og umbrot: Helgi Hilmarsson

Ljósmyndarar: Árni Ásgeirsson, Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, Halldór Pálmar Halldórsson, Heiðar Kristjánsson, Hermann Dreki Guls, Hrefna Róbertsdóttir, Huld Hafliðadóttir, Jón Einar Jónsson, Jón Örn Guðbjartsson, Kristinn Ingvarsson, Lilja B. Rögnvaldsdóttir, Ragnar Edvardsson, Tómas Grétar Gunnarsson, Unnur Birna Karlsdóttir og Þorvarður Árnason

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík 2016



Efnisyfirlit

Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands	4
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi	6
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Vestfjörðum	8
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra	11
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Húsavík	12
Starfsemi Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands á Austurlandi	14
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði	14
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi	16
Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum	18



Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands

Markmið Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands er m.a. að stuðla að rannsóknum, menntun og leiðbeiningu framhaldsnema víða um land og vera vettvangur samstarfsverkefna háskólans við nærumhverfi og nærsamfélög setranna. Með þeim hætti leggja rannsóknasetrin af mörkum við að efla tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf.

Undir hatti Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands voru starfrækt á árinu 2015 rannsóknasetur á Hornafirði, Suðurlandi, Suðurnesjum, Snæfellsnesi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og Norðausturlandi. Á Austurlandi var sett á fót starfsstöð Stofnunar rannsóknasetra í kringum rannsóknaverkefnið „Maður og náttúra“ með ráðningu Unnar Birnu Karlsdóttur sagnfræðings í starf akademíks sérfræðings.

Sem fyrr voru stundaðar fjölbreyttar rannsóknir á vettvangi rannsóknasetranna en rannsóknir eru meginverkefni rannsóknasetra háskólans víðs vegar um landið. Viðfangsefnin eru margvísleg en á meðal þeirra eru lífríki hafsins, umhverfi og landnýting, hvalir, fiskar og fuglar, ferðamál, bókmenntir, sagnfræði og fornleifafræði. Í starfi rannsóknasetranna rétt eins og í öllu rannsóknastarfi Háskóla Íslands er tekið mið af alþjóðlega viðurkenndum birtingarvenjum, mælikvörðum og gæðaviðmiðum. Jafnframt er lögð rík áhersla á árangur, áhrif og gæði rannsókna og hagnýtingu rannsóknaniðurstaðna. Rannsóknasetrin eru hluti af starfsemi Háskóla Íslands og eiga í viðtæku samstarfi við náttúrustofur, þekkingarsetur, aðrar þekkingarstofnanir, háskólafyrirtæki, stofnanir og sveitarstjórnir svo dæmi séu nefnd og er samstarfið rannsóknasetrunum afar mikilvægt. Alþjóðlegt samstarf er rannsóknasetrunum ekki síður mikilvægt og fer það sífellt vaxandi.

Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands árið 2015 var Sæunn Stefánsdóttir. Jörundur Svavarsson, prófessor við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ, var formaður ráðgefandi nefndar Stofnunar rannsóknasetra HÍ og með honum unnu í nefndinni Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ,

Jón Einar Jónsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Snæfellsnesi, Guðrún Á. Jónsdóttir, fulltrúi háskólanáms og rannsókna við Austurbrú, og Sigurður Sigursveinsson, framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands. Birna Gunnarsdóttir, verkefnisstjóri hjá Vísinda- og nýsköpunarsviði Háskóla Íslands, annaðist stjórnýslustörf og fjármálaumsjón fyrir stofnunina. Fundaði ráðgefandi nefndin sjö sinnum á árinu og fór einn fundanna fram í Rannsóknasetri Háskóla Íslands í Stykkishólmi.

Tuttugu og sjö starfsmenn voru hjá Stofnun rannsóknasetra HÍ árið 2015, þar af þrettán í fullu starfi. Alls voru ársverk hjá Stofnun rannsóknasetra tæplega 19 samanborið við 17 árið 2014. Að venju nýtti fjöldi meistara- og doktorsnema aðstöðu á setrunum. Þá fengu erlendir fræðimenn aðstöðu við sum setranna til skemmri tíma. Á árinu var ráðið í starf akademíks sérfræðings, eins og fyrr sagði, við starfsstöð Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands á Egilsstöðum, og í starf verkefnisstjóra við Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi og tók Böðvar Þórisson líffræðingur við því starfi.

Akademískir starfsmenn setranna koma flestir að kennslu, einkum við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands, einnig við námsbraut í Umhverfis- og auðlindafræðum, sem og námsbraut í fornleifafræði við Sagnfræði- og heimspekideild. Enn fremur er fyrirhuguð þátttaka í kennslu við námsbraut í sagnfræði. Þá eru haldin sérhæfð vettvangsnámskeið á meistarastigi við þrjú rannsóknasetranna. Á árinu fóru fram samningaviðræður við fyrrnefndar deildir um nánara samstarf rannsóknasetranna og deildanna og er vonast til að samningar klárast 2016. Rannsóknasetrin eru kjörinn vettvangur rannsóknavinnu framhaldsnema við deildir skólans enda staðsett í öllum landshlutum þar sem lífríki, náttúrufræði, atvinnulíf, samfélagsgerð og menningararfur eru með margvíslegum hætti. Akademískir starfsmenn rannsóknasetranna annast leiðbeiningu framhaldsnema og eins og fyrri ár unnu allmargir nemendur að lokaverkefnum sínum við rannsóknasetrin.

Ársfundur Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands var hald-

inn á Húsavík 9. apríl 2015 og setti Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, fundinn. Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, flutti ávarp og fundarstjóri var Jörundur Svavarsson, prófessor og formaður ráðgefandi nefndar Stofnunar rannsóknasetra HÍ. Um 80 manns sátu ársfundinn sem haldinn var í Hvalsafninu á Húsavík. Glærukynningar með erindum sem flutt voru á fundinum má nálgast á vefsíðu Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands, www.rannsoknasetur.hi.is. Þar eru einnig krækjur á vefsíður rannsóknasetrana.

Stefna Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands var kynnt á ársfundinum en vinna við stefnumótunina hófst í september 2014. Stýriþingur skipaður forstöðumanni stofnunarinnar, fulltrúum forstöðumanna rannsóknasetra og ráðgefandi nefndar, sem og verkefnisstjóra Stofnunar rannsóknasetra, vann stefnuna í viðtæku samráði. Stefna Stofnunar rannsóknasetrana skiptist í fjóra þætti, rannsóknir, nám og kennslu, mannauð og samfélagslega ábyrgð. Stefnan tekur mið af stefnu Háskóla Íslands og er ætlað að verða starfsemi rannsóknasetra leiðarvísir inn í framtíðina. Að loknum ársfundi var unnið áfram að endanlegri útgáfu stefnunnar og áætlanir gerðar um útfærslu hennar og eftirfylgd. Í framhaldi ársfundar og frekari umfjöllunar staðfesti ráðgefandi nefnd Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands stefnuna til næstu þriggja ára og var hún kynnt í háskólaráði Háskóla Íslands á fundi ráðsins í júní 2015. Unnið hefur verið að framgangi hennar á árinu.

Í desember sökk rannsóknabáturinn Sæmundur fróði RE sem Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum hefur notað í rannsóknum sínum. Var það mikil áfall. Unnið er að því að fá tjónið bætt svo hægt verði að festa kaup á nýjum báti sem er forsenda fyrir áframhaldandi rekstri rannsóknaverkefna setursins.

Með samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið var Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands falið að greina tækifærin sem liggja í Þjóðfræðistofu á Ströndum undir merkjum rannsóknasetra háskólans. Er unnið að tillögum um framhald þeirrar starfsemi sem eiga að liggja fyrir í vor.

Fjármögnun gegnir veigamiklu hlutverki við eflingu rannsókna og nýsköpunar hjá rannsóknasetrum Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands. Sértekjur hafa lengi verið verulegur hluti af heildartekjum stofnunarinnar og var einnig svo árið 2015. Stofnunin fékk aukafjárveitingu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem gerði henni kleift að fjölga starfsfólki, bæði með ótímabundnum og tímabundnum störfum. Þá var það stofnuninni mikils virði að fleiri sveitarfélög styrktu starfsemi einstakra rannsóknasetra. Stuðningur sem þessi er starfsemi rannsóknasetrana afar mikilvægur. Vöxtur hefur verið í starfsemi á síðastliðnum misserum en mikilvægt er að treysta enn rekstur rannsóknasetrana og gera þeim kleift að ná markmiðum sínum um að á hverju setri verði tveir fastir starfsmenn. Samningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Háskóla Íslands um rekstur rannsóknasetra háskólans hefur reynst starfsemi rannsóknasetrana heilladrjúgt skref. Fyrir höndum er endurnýjun samningsins og er það von mín að áframhaldandi samningur geri okkur kleift að stíga næstu skref í þróun rannsóknasetrana um leið og hann renni styrkari stöðum undir starfsemi þeirra.

Starfsemi rannsóknasetrana hefur styrkst á undanförunum árum og sannað gildi sitt við eflingu rannsókna, háskóla- og atvinnustarfsemi víða um land og aukið tengsl skólans við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga. Rannsóknasetur Háskóla Íslands eru mikilvægur hlekkur í þeirri keðju þekkingar- og verðmætasköpunar sem Háskóli Íslands vill stuðla að, ekki síst nú á tímum mikilla breytinga í byggða- og atvinnumálum.

Sæunn Stefánsdóttir

Forstöðumaður Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands

Mars 2016





Rannsóknasetur HÍ á Snæfellsnesi

Starfsmenn voru þrír í ársbyrjun, dr. Jón Einar Jónsson forstöðumaður og Árni Ásgeirsson náttúrufræðingur, báðir í fullu starfi, auk Thomasar Holm Carlsen sem var í 30% starfi fram í júní en þá hélt hann heim til Noregs eftir tveggja ára dvöl í Stykkishólmi. Thomas starfar nú í Noregi en vinnur áfram með setrinu að verkefni um eiginleika æðardúns. Ellen Magnúsdóttir líffræðingur kom í tveggja mánaða vinnu í maí og júní. Starfsmennirnir fjórir merktu 200 æðarkollur í sjö eyjum við sunnanverðan Breiðafjörð í sumar.

Árið 2014 hófust merkingar á æðarkollum í Landey í samstarfi við norska SEATRACK-verkefnið og náðust alls 37 kollur fyrsta sumarið. Tuttugu og ein þeirra náðist lifandi meðal hinna 200 merktu 2015, auk þess sem ein kolla fannst dauð í grásleppuneti. Þrjátíu og níu æðarkollur (20% merktra kollna 2015) fengu nýja dægurrita sem stefnt er á að endurheimta næstu sumar, ásamt því að setja út 40 nýja SEATRACK dægurrita 2016. Dægurritar skrá staðsetningar fuglanna út frá breytileika í daglengd.

Árleg verkefni um æðarfugl og dilaskarf héldu áfram, sem og talningar á æðarungum, álfum, ritu og vatnafuglum. Nú hillir undir verklok í skarfatálningunni, a.m.k. í bili. Fjöldi dilaskarfshreiðra stóð nokkuð í stað og ungaframleiðsla var með lakara móti. Æðarungar voru taldir við Breiðafjörð í 9. sinn og var fjöldi þeirra undir meðallagi eða 0,4 ungar á hverja kollu. Þá vakti athygli að ungar í lok júlí voru dúnungar en ekki stálpaðir ungar. Það hjálpaði ekki æðarvarpi að meðaltímasetning varps var níu dögum síðar 2015 en 2014. Talið er að stormasamur vetur og vor 2014-2015 skýri að hluta seinkunina, sem sást víða um land.

Rituvarp gekk skár en mörg undanfarin ár og saúst nú hreiður með fleygum ungum á flestum talningastöðum, stundum tveir og

þrír ungar í hreiðri. Flest björgin litu mun betur út í ár en mörg undanfarin ár og sama má segja um varp lunda og kríu. Álfir voru taldar í Álfafirði fram á mitt sumar en dreifing álfra um Snæfellsnes hefur aukist síðan talningar hófust 2008 og verða álfatalningar því endurskoðaðar á næsta ári.

Meistaraneinn Valtýr Sigurðsson varði ritgerð sína um áhrif síldardauða á lífríki Breiðafjarðar og útskrifaðist á árinu. Aldís Erna Pálsdóttir vann að verkefni sínu um afrán á æðarkolluhreiðrum í eyjunum við Stykkishólmi. Bæði meistaraverkefni og rituvöktunin eru unnin í samstarfi við Náttúrustofu Vesturlands. Gagnasöfnun fyrir endurkomu lífríkis í botni Kolgrafafjarðar var endurtekin þriðja árið í röð, styrkt af Vegagerðinni.

Þórður Örn Kristjánsson doktorsnemi hefur að mestu lokið skrifum á doktorsritgerð sinni um varpvistfræði æðarfugls og stefnir á að verja ritgerðina 2016.

Fimm greinar voru birtar í alþjóðlegum ritum: um afskipti æðarkollna af hreiðrum hver annarrar í Rífi, ógnir sem stéðja að norrænum andastofnum, inflúensuveirur í sjóöndum, varpárangur grágæsa á Íslandi og vetrarendurheimturt snjógæsa í Bandaríkjunum. Veigamikil grein um stofnbreytingar æðarfugls á Íslandi var birt í Náttúrufræðingnum og var hún í árslok send með þökkum til æðarbændanna sem tóku þátt í rannsókninni.

Sem fyrr tók Jón Einar Jónsson þátt í kennslu í fuglafræði og dýrafræði við Háskóla Íslands. Á Líffræðiráðstefnunni 5.-7. nóvember voru haldin þrjú erindi og sýnd þrjú veggspjöld frá Rannsóknasetrinu. Á ársfundi Æðarræktarfélags Íslands 7. nóvember héldu Jón Einar og Árni báðir erindi.

Birtar greinar árið 2015:

Hall, J.S., Russell, R.E., Franson, J.C., Soos, C., Dusek, R.J., Allen, R.B., Nashold, S.W., TeSlaa, J.L., Jón Einar Jónsson, Ballard, J.R., Harms, N.J. & Brown, J.D. 2015. Avian influenza ecol-

ogy in North Atlantic sea ducks: not all ducks are created equal. *PLoS ONE* 10(12): e0144524.

Fox, A.D., Jón Einar Jónsson, Aarvak, T., Bregnballe, T., Christensen, T.K., Clausen, K.K., Clausen, P., Dalby, L., Holm, T.E., Pavón-Jordan, D., Laursen, K., Lehtikoinen, A., Lorentsen, S.H., Møller, A.P., Nordström, M., Öst, M., Söderquist, P. & Therkildsen, O.R. 2015. Current and potential threats to Nordic duck populations – a horizon scanning exercise. *Annales Zoologici Fennici* 52: 193–220.

Jón Einar Jónsson & Alan D. Afton. 2015. Are wintering areas shifting north? Learning from lesser snow geese banded in Southwest Louisiana. *Southeastern Naturalist* 14:293-307.

Helgi Guðjónsson, Jón Einar Jónsson, Halldór W. Stefánsson, Aðalsteinn Ö. Snæþórsson & Tómas G. Gunnarsson. 2015. Annual and large-scale variation in breeding output of Greylag Geese *Anser anser* in Iceland. *Bird Study* 62: 243-252.

Þórður Örn Kristjánsson & Jón Einar Jónsson. 2015. Cooperative incubation behaviour in a super dense common eider colony. *Bird Study* 62:146-149.

Jón Einar Jónsson & Alan D. Afton. 2015. Does the proportion of Snow Geese using coastal marshes in southwest Louisiana vary in relation to light goose harvest or rice production? *Goose Bulletin* 20: 7-19.

Jón Einar Jónsson, Þórður Örn Kristjánsson, Árni Ásgeirsson & Tómas G. Gunnarsson. 2015. Breytingar á fjölda æðarhreiðra á Íslandi. *Náttúrufræðingurinn* 85: 141–152.

Jón Einar Jónsson & Árni Ásgeirsson. 2015. Ekki færri en 20 þúsund kollur verpa í Breiðafirði. *Breiðfirðingur* 63: 131-133.

Jón Einar Jónsson. 2015. Hverjar eru sjóendur? *Fuglar* 10: 26-31

Fyrirlestrar:

Jón Einar Jónsson. 2015. Are there global threats to Icelandic Eiders? Erindi á ráðstefnu Vistfræðifélags Íslands, Stykkishólmi 23.-24. mars.

Jón Einar Jónsson. 2015. Common eider. Lecture for visiting staff of Nishykawa Sangyo, Japan. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi og Æðarsetur Íslands, Stykkishólmi, 19. maí.

Jón Einar Jónsson. 2015. Eider research and bird monitoring. Erindi í tilefni af heimsókn Umeå Marine Sciences Centre í

Svíþjóð. Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, 30. október.

Jón Einar Jónsson & Árni Ásgeirsson. 2015. Æðarkolludauðinn í Rífi 2014-2015. Líffræðiráðstefnan, Reykjavík 5. til 7. nóvember.

Aldís Erna Pálsdóttir, Jón Einar Jónsson, Röbert Arnar Stefánsson, Árni Ásgeirsson. 2015. Áhrif varptíma æðarfugls á tíðni afráns hreiðra. Líffræðiráðstefnan, Reykjavík 5. til 7. nóvember.

Valtýr Sigurðsson, Jón Einar Jónsson, Röbert A. Stefánsson, Erla Björk Örnólfsdóttir, Guðmundur Viðir Helgason. 2015. Áhrif síldardauða á lífríki sjávarbotns í Kolgrafafirði. Líffræðiráðstefnan, Reykjavík 5. til 7. nóvember.

Árni Ásgeirsson, Aldís Erna Pálsdóttir. 2015. Notkun hreiðurmyndavéla við æðarhreiður sumrin 2014 og 2015. Ársfundur Æðarræktarfélags Íslands, Hótel Sögu, 7. nóvember 2015.

Árni Ásgeirsson og Thomas Holm Carlsen. 2015. Rannsóknir á eiginleikum æðardúns. Ársfundur Æðarræktarfélags Íslands, Hótel Sögu, 7. nóvember 2015.

Jón Einar Jónsson & Árni Ásgeirsson. 2015. Merkingar á æðarfugli. Ársfundur Æðarræktarfélags Íslands, Hótel Sögu, 7. nóvember 2015.

Veggspjöld:

Árni Ásgeirsson & Jón Einar Jónsson. 2015. Merkingar á æðarfugli á sjö stöðum á sunnanverðum Breiðafirði. Líffræðiráðstefnan, Reykjavík 5. til 7. nóvember.

Árni Ásgeirsson, Aldís Erna Pálsdóttir & Jón Einar Jónsson. 2015. Notkun hreiðurmyndavéla við æðarhreiður sumrin 2014 og 2015. Líffræðiráðstefnan, Reykjavík 5. til 7. nóvember.

Árni Ásgeirsson & Jón Einar Jónsson. 2015. Breytingar á varpi æðarfugls eftir landnám minks í Brokey. Líffræðiráðstefnan, Reykjavík 5. til 7. nóvember.

Ritgerð framhaldsnema:

Valtýr Sigurðsson. 2015. Áhrif lífrænnar mengunar á lífríki sjávarbotns í Breiðafirði. Háskóli Íslands, Líf- og umhverfisvísindadeild. Maí 2015.





Rannsóknasetur HÍ á Vestfjörðum

Við setrið störfuðu á árinu tveir sérfræðingar í fullu starfi, dr. Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir líffræðingur, sem jafnframt er forstöðumaður setursins, og dr. Ragnar Edvardsson fornleifafræðingur. Helstu rannsóknarefni setursins tengjast náttúru og samfélagi strandsvæða með áherslu á Vestfirði. Eins og undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á líf- og fornleifafræðilegar rannsóknir á sjávarnytjum, einkum hvalveiðum og fiskistofnum. Við setrið unnu tveir MSc nemar að lokaverkefnum sínum undir leiðsögn Guðbjargar og Ragnars. Verkefni Alexöndru Tyas nefnist „Managing Coastal Heritage in the Westfjords: Case Study of 19th Century Norwegian Whaling Stations“ en Anja Nickel vann að rannsókn sem nefnist „Identifying the Vulnerability of Juvenile Atlantic Cod (*Gadus morhua*) and Saithe (*Pollachius virens*) to Climate Change“. Þá unnu háskólanemarnir Gylfi Björn Helgason og Marion Durand sumarstörf við setrið.

Rannsóknaverkefni ársins voru flest framhaldsverkefni. Styrkir fengust m.a. frá Rannís fyrir verkefnið „Söguleg samsetning þorsstofnsins (CodStory)“, frá Fornminjasjóði og Nýsköpunarsjóði námsmanna fyrir verkefnið „Hvalveiðar Norðmanna á 19. öld“ og frá Uppbyggingarsjóði Vestfjarða til uppbyggingar aðstöðu til rannsókna á sjávarlífverum. Verkefnið „Söguleg samsetning þorsstofnsins“ miðar að því að skilja breytingar í þorsstofninum á sögulegum tíma með erfðafræðilegum og efnafræðilegum greiningum á þorskbeinum sem fengin eru með fornleifauppgrefti. Meðal áfanga ársins 2015 voru fornleifauppgreftir á verstöðinni í Breiðavík, tegundagreining beina og þróun arfgerðagreininga. Hvalveiðar Norðmanna á Vestfjörðum á 19. öld eru hluti af stærri rannsókn á minjum eftir erlenda hvalveiðimenn á Íslandi á tímabilinu 1600-1915. Verkefnið miðar að því að fá yfirlit yfir umfang hval-



veiða erlendra manna á tímabilinu, en sérstök áhersla er á samskipti þeirra við Íslendinga og leitast við að fá svar við þeirri spurningu af hverju Íslendingar tóku hvorki upp hvalveiðar á 17. öld né í lok þeirrar 19. Á árinu voru kannaðar, bæði neðan- og ofansjávar, hvalveiðistöðvar Norðmanna við Dvergastein í Álftafirði, Uppsalaeyri í Seyðisfirði og Höfðaodda í Dýrafirði. Önnur rannsóknaverkefni ársins 2015 voru m.a. vistfræði þorsfiskeiða á uppeldisstöðvum, sem miðar að því að skilja þá vistfræðilegu þætti sem hafa áhrif á viðkomu og vöxt þorsk- og ufsaseiða, og fornleifarannsóknir á neðan-

sjávarminjum þar sem reynt er að fá hugmynd um fjölda skipsflaka við Íslandsstrendur, ástand þeirra og rannsóknarmöguleika.

Verkefni setursins vöktu talsverða athygli á árinu og voru umfjöllunarefni fjölmiðla, m.a. í Morgunblaðinu og Bæjarins besta. Þá voru rannsóknir setursins kynntar með átta fyrirlestrum á árinu, m.a. á opnum málstofum við Deutsches Schiffahrtsmuseum í Bremerhaven í nóvember og á Þjóðminjasafni Íslands til heiðurs dr. Kristjáni Eldjárn í desember.

Helstu birtingar

Edvardsson, R., & Egilsson, Aþ. (2015). "The Phønix: a 19th century Danish steamer wrecked on the Snæfellsnes peninsula, Iceland." *The International Journal of Nautical Archaeology*. 44:1

Edvardsson, R. (2015). "The Strákatangi Whaling Project in Strandasýsla: An Archaeological Site in the Westfjords". *Basque Whaling in Iceland in the XVII Century, Legal Organization, Cultural Exchange and Conflicts of the Basque Fisheries in the North Atlantic*. University of Santa Barbara.

Ólafsdóttir, GÁ, Gunnarsson, GS & Karlsson, H. (2015). More rapid shift to a benthic niche in larger *Gadus morhua* juveniles. *Journal of Fish Biology*. 87: 480-486. doi:10.1111/jfb.12719.

Edvardsson, R., & Egilsson, Aþ. (2015). "Póstskipið Phønix". *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* 14. Reykjavík.

Fyrirlestrar/erindi

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, Einar Eg Nielsen, Kristen M. Westfall, Ragnar Edvardsson, Jakob Hemmer-Hansen, Sara Bonanomi, W.P. Patterson, Thomas H. McGovern, Simun V. Arge, J. Bond, & Snæbjörn Pálsson. *Cod Story: multidisciplinary research on Atlantic cod, climate and historical fisheries in the North Atlantic*. ESSAS Annual Science Meeting. 15-17. júní 2015. Seattle, USA.

Ragnar Edvardsson. Rannsóknir á sjávar- og strandminjum. *Fornleifarannsóknir á Vestfjörðum*. Málstofa á Hrafnseyri, 8. ágúst 2015. Hrafnseyri.

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. Söguleg samsetning þorskstofnsins. *Fornleifarannsóknir á Vestfjörðum*. Málstofa á Hrafnseyri, 8. ágúst 2015. Hrafnseyri.

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir og Ragnar Edvardsson. *CodStory: multidisciplinary research on Atlantic cod, climate and historical fisheries in the North Atlantic*. Gestafyrirlestur við Deutsches Schiffahrtsmuseum, 2. nóvember 2015. Bremerhaven, Þýskaland.

Ragnar Edvardsson. *Underwater Archaeology in Iceland. Travelling to Shetland, Faroe and Iceland during the 15th to 17th centuries, Interdisciplinary workshop of the project 'Between the North Sea and the Norwegian Sea. Interdisciplinary studies of the Hanseatic League.'* Deutsches Schiffahrtsmuseum, 2.-3. nóvember 2015. Bremerhaven, Þýskaland.

Ragnar Edvardsson. *Póstskipið Phønix, örlög þess og endurfundir*. Fyrirlestur um rannsóknina á póstskipinu Phønix, haldinn á vegum Minja og sögu í Safnahúsinu við Hverfisgötu, 3. desember 2015. Reykjavík.

Ragnar Edvardsson. *Fornleifarannsóknir á strand- og sjávarminjum*. Hafið gefur hafið tekur. Málþing Kristjáns Eldjárns haldið í Þjóðminjasafninu í desember 2015. Reykjavík.

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir. *Þverfræðilegar rannsóknir á fornum þorskbeinum*. Hafið gefur hafið tekur. Málþing Kristjáns Eldjárns haldið í Þjóðminjasafninu í desember 2015. Reykjavík.







Rannsóknasetur HÍ á Norðurlandi vestra

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra er til húsa í gamla Kaupfélagshúsinu á Skagaströnd. Í setrinu er lögð stund á sagnfræðirannsóknir og er dr. Lára Magnúsardóttir sagnfræðingur forstöðumaður og eini fasti starfsmaður setursins í fullu starfi allt árið. Tveir sagnfræðingar störfuðu við setrið um skemmri tíma á árinu. Nanna Þorbjörg Lárusdóttir var ráðin til tveggja og hálf mánaðar til að vinna að útgáfu heimildalista um andleg mál og Vilhelm Vilhelmsson vann að rannsóknnum sínum við setrið um tveggja mánaða skeið.

Í setrinu er Bókasafn Halldórs Bjarnasonar, sem og lestrar- og vinnuástaða. Ljósmyndasafn sveitarfélagsins er til húsa í Kaupfélagshúsinu samkvæmt samningi sem einnig felur í sér samnýtingu á námsstofu sveitarfélagsins í húsinu. Rannsóknasetrið er enn fremur með samning við Listamiðstöðina Nes um vinnuástöðu fyrir rithöfunda sem dvelja í þorpinu til lengri eða skemmri tíma á vegum Ness.

Starf setursins felst í megindráttum í sagnfræðirannsóknnum, starfsemi Bókasafns Halldórs Bjarnasonar og viðburðahaldi, s.s. opinberum fyrirlestrum og ráðstefnum.

Lára vann áfram að rannsóknnum sínum á aðferðafræði við greiningu réttarfarsheimilda og að greina flokk sagnfræðiheimilda um andleg mál á hendi ríkisins á tímabilinu frá 1271-1874. Bók um efnið er í undirbúningi og stefnt að því að hún verði tilbúin til útgáfu árið 2016. Þá vann hún ásamt Nönnu Þorbjörgu Lárusdóttur að bók sem inniheldur lista yfir lög er varða andlegar sakir og heimildir um málaferli sem af þeim leiddu frá upphafi kristni á Íslandi til 1874.

Lára flutti fyrirlestra um rannsóknir sínar á Nordiske retthistorikermetet í Ósló í Noregi í apríl og alþjóðlegu ráðstefnunni „Innocent III and his Time. From Absolute Papal Monarchy to the Fourth Lateran Council“ í Murcia á Spáni í desember. Fræðiritgerð, „Iceland as a Western Country. How to classify Medieval Church Law in the vernacular“ var samþykkt til útgáfu í tímaritinu *Vergentis*. Þá hélt Lára erindi á Félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri í apríl. Lára er meðleiðbeinandi Seans Lawing, doktorsnema við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands, og Jennifer McLellan, doktorsnema við Sagnfræði- og heimspekideild HÍ.

Opnir fyrirlestradagar voru haldnir í setrinu í september. Rannsóknarstofa í jafnréttisfræðum, RIKK, stóð fyrir fyrirlestraröðinni „Ömmur á faraldsfæti“ viðs vegar um landið í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna og fluttu Súsanna Margrét Gestsdóttir og Annadís Gréta Rüdolfsdóttir fyrirlestra á vegum RIKK 12. og 19. september. Síðari daginn sögðu Páll Sigurðsson, Nanna Þorbjörg Lárusdóttir og Vilhelm Vilhelmsson einnig frá rannsóknnum sínum.

Opin málstofa um byggð og samfélag í Húnavatnssýslu á 18. öld var haldin í setrinu í nóvember. Þar gerðu sjö nemendur í sagnfræði við Háskóla Íslands grein fyrir rannsóknnum sínum um efnið. Málstofan var á vegum Sagnfræðideildar HÍ og rannsóknasetursins.

Þá var nemendum 10. bekkjar grunnskólans á Skagaströnd boðið í setrið með kennara sínum til að fræðast um sagnfræði og sagnfræðilegar heimildir.

Útgáfa

Vilhelm Vilhelmsson: „Stílfært og sett í samhengi. Um heimildagildi vitnisburða í réttarheimildum“. Saga LIII:1 (2015), bls. 15-45. Þessi grein var unnin sem hluti af samstarfsverkefni Láru Magnúsardóttur og greinarhöfundar sem bar heitið „Að kynnast fólki í fortíðinni - hvernig getur sagnfræði nálgast fólk“ og var unnin að frumkvæði Láru og á styrk Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra.

Fyrirlestrar

Lára Magnúsardóttir: „Iceland as a Western Country. How to classify Medieval Church Law in the vernacular“ Fyrirlestur á alþjóðlegu ráðstefnunni Innocent III and his Time. From Absolute Papal Monarchy to the Fourth Lateran Council.

Lára Magnúsardóttir: „Sources on Laster, som ellers ved sædvanlig Rettergang ikke saa bevemmeligt er at afskaffe, eller bevise.“ Fyrirlestur á Nordiske retthistorikerdager i Oslo.

Lára Magnúsardóttir: „Nokkur atriði um andleg mál í íslenski stjórnskipan. Kynning á rannsókn“ Fyrirlestur í föstudagsseminari Sagnfræði- og heimspekideildar.

Lára Magnúsardóttir: „Afskipti yfirvalda af einkalífi manna á miðöldum og nýöld og heimildir þar um“. Fyrirlestur á Félagsvísindatorgi Háskólans á Akureyri.



Rannsóknasetur HÍ á Húsavík

Forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Húsavík er dr. Marianne Helene Rasmussen. Auk hennar voru tveir starfsmenn í hlutastörfum allt árið: Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir vann að rannsóknarverkefni um hagræn áhrif ferðapjónustu og Huld Hafliðadóttir annaðist utanumhald við rannsóknarvinnu á Húsavík.

Helstu rannsóknir á vegum setursins tengjast hvöllum og öðrum sjávarspendýrum. Unnið var að rannsóknum á hljóði og hegðun hvala, m.a. við upptökur á hljóðum steypireyða í Skjálfanda í samstarfi við TiHo, Dýralækningaháskólann í Hannover í Þýskalandi. Þrjú seglbátar frá Danmörku, Belgíu og Íslandi voru notaðir til verkefnisins, auk íslensks hraðbáts en búnaður til hljóðupptöku neðansjárvar var fenginn að láni frá Aarhus Universitet í Danmörku. Vísindafólk frá Þýskalandi og Danmörku tók þátt í verkefninu auk þess sem um 30 nemar og sjálfboðaliðar aðstoðuðu við framkvæmd þess. Verkefnið var styrkt af Umweltbundesamt, Umhverfisstofnun Þýskalands. Þá voru gerðar hljóðupptökur af blettahnýðum í Skjálfanda með þýska vísindamanninum Jens Koblitz, sem tók með sér 16-raða sjávarupptökutæki til landsins. Rannsóknasjóður HÍ styrkti verkefnið. Marianne tók þátt í hvalatalningu úr lofti við Grænland eins og mörg undanfarin ár í samvinnu við Auðlindastofnun Grænlands, Greenlandic Institute of Natural resources. Fimm doktorsnemar vinna að rannsóknum undir leiðsögn forstöðumanns, auk þess sem hún leiðbeindi þremur meistaranemum og einum BS-nema árið 2015. Þá kenndi hún í námskeiðinu Vistfræði B við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ á haustmisseri. Chiara Bertulli, doktorsnemi Marianne, varði doktorsritgerð sína við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands en ritgerðin ber heitið „Hagnýting náttúrulegra líkamseinkenna við rannsóknir á stofnfræði og félagskerfi hrefnu (*Balenoptera acutorostrata*) og hnýðings (*Lagenorhynchus albirostris*)“.

Lilja B. Rögnvaldsdóttir vann áfram að rannsóknarverkefninu „Ferðapjónusta í byggðum landsins“ sem er samstarfsverkefni

með Rannsóknamiðstöð ferðamála og Þekkingarnet Þingeyinga. Meginmarkmið rannsóknarinnar er tvíþætt: annars vegar að meta hvornig hægt er að veða bein efnahagsleg áhrif ferðapjónustu í Þingeyjarsýslu með hliðsjón af alþjóðlegri forskrift ferðapjónustureikninga og hins vegar að meta óbein og afleidd efnahagsleg áhrif greinarinnar. Rannsóknin er unnin samhliða rannsókn Rannsóknamiðstöðvar ferðamála á þjóðhagslegum áhrifum ferðapjónustu og verða niðurstöðurnar notaðar til samanburðar og staðfestingar á því hvað mögulegt er að heimfæra af þjóðhagslegum stærðum upp á einstök svæði.

Rannsóknasetrið á náð samstarf við Hvalasafnið á Húsavík. Á árinu unnu stofnanirnar m.a. að söfnun upplýsinga með greiningu ljósmynda sem nemendur, starfsmemar og sjálfboðaliðar hafa tekið í siglingum hvalaskoðunarbáta frá Húsavík og Reykjavík. Þá tók setrið þátt í Hvalaskólanum, árlegu fræðslustarfi safnsins, með því að leggja til efni og veita faglega ráðgjöf.

Rannsóknasetrið og Hvalasafnið héldu sumarið 2015 sameiginlega Hvalaráðstefnu þar sem kynntar voru rannsóknir í Skjálfandafloa. Meðal frummælenda voru nokkrir útskrifaðir nemendur Marianne við Rannsóknasetrið, auk vísindamanna sem tóku þátt í hljóðupptökum í flóanum í sumar. Þetta er annað sumarið sem setrið og Hvalasafnið standa sameiginlega að Hvalaráðstefnu og var hún afar vel sótt. Árlegt sumarnámskeið um rannsóknir á sjávarspendýrum, *Studying Marine Mammals in the Wild*, var haldið á Húsavík í samstarfi við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ í júní. Tuttugu og tveir nemendur frá níu þjóðlöndum voru skráðir á námskeiðið. Þá var ársfundur Stofnunar rannsóknasetra Háskóla Íslands haldinn á Húsavík 9. apríl 2015 og fór hann fram í Hvalasafninu.

Greinar/skýrslur:

Bertulli CG., Galatius A., Kinze C., Rasmussen M., Deaville R., Vedder E., Sánchez Contreras G., Sabin R., Watson A. (2015). Vertebral column deformities in white-beaked dolphins from the eastern North Atlantic. *Diseases of Aquatic Organisms* 116, 59-67.

- Bertulli, CG, Rasmussen, MH and Rosso, M (2015). An assessment of the natural marking patterns used for photo-identification of common minke whales and white-beaked dolphins in Icelandic waters. *Journal of the Marine Biological Association of the United Kingdom*, doi:10.1017/S0025315415000284
- Bertulli, C, Tetley, M, Magnúsdóttir, EE and Rasmussen, MH (2015). Observations of movement and site fidelity of white-beaked dolphins (*Lagenorhynchus albirostris*) in Icelandic coastal waters using photo-identification'. *J. Cet. Res. Manage* / doi:10.1017/S0025315415000284
- Christiansen, F, Bertulli, C, Rasmussen, M and Lusseau, DI (2015). Estimating cumulative exposure of wildlife to non-lethal disturbance using spatially explicit capture recapture models. *Journal of Wildlife Management* 79, 311-324.
- Magnúsdóttir, E, Miller, PJO, Lim, R, Rasmussen, MH, Lammers, MO and Svavarsson, J (2015). Humpback whale (*Megaptera novaeangliae*) song unit and phrase repertoire progression on a subarctic feeding ground. *J. Acoust. Soc. Am.* 3362–3374.
- Rasmussen, MH, Koblitz, J and Laidre, K (2015). Buzzes and rather high frequency clicks recorded from narwhals (*Monodon monoceros*) at their wintering feeding ground. *Aquat. Mamm.* 41, 256-264
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2015). Tourism data collection. An analysis at subnational level in Iceland. Í: Helga Ólafs og Thamar M. Heijstra (ritstj.) *Rannsóknir í félagsvísindum XVI, Viðskipta- og Hagfræðideild. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.*
- Lilja B. Rögnvaldsdóttir. (2015). Economic Impact of Tourism in Þingeyjarsýslur: Analysis at the sub-national level in Iceland: Icelandic Tourism Research Centre. (óútgafið)

Kynningar/ erindi:

- Bertulli, CG, Galatius, A, Kinze, CC, Rasmussen, M, Keener, W, Webber, M (2015). Color patterns in white-beaked dolphins *Lagenorhynchus albirostris* from Iceland. *Biennial Conference on Marine Mammals, San Francisco, U.S.A.*
- Chosson-P, V, Shears, G, Rasmussen, M, Bertulli, CG, Stevick, P, Rickert, S, Pampoulie, C, Sigurjónsson, J and Víkingsson, G (2015). Long-distance migration pattern of Humpback whale (*Megaptera novaeangliae*) from Icelandic waters. *Biennial Conference on Marine Mammals, San Francisco, U.S.A.*
- Hafliðadóttir, H (2015). Thoughts on the future of Húsavík as Whale Capital. 2nd Whale Congress, Húsavík, Iceland.
- Lim, R, Magnúsdóttir, E, Rasmussen, M, Lammers, M and Svavarsson, J (2015). Humpback whale *Megaptera novaeangliae* winter mating season songs from a subarctic feeding ground. *Biennial Conference on Marine Mammals, San Francisco, U.S.A.*
- Rasmussen, MH (2015). High lights of Whale Research in Skjálfandi Bay during the last years. The University of Iceland's Institute of Research Centres' annual meeting. Húsavík, Iceland.
- Rasmussen, MH and Puts, I (2015). The role of riverine inflow for Skjálfandi bay's ecology. Second Whale Congress. Húsavík, Iceland.
- Rasmussen, MH (2015). Minke whales and whale watching: Recent findings. Ice-whale workshop, Reykjavík, Iceland.
- Rasmussen, MH (2015). Acoustics in *Lagenorhynchus albirostris* – including interesting findings in new recordings. *Biennial Conference on Marine Mammals, San Francisco, U.S.A.*



- Rasmussen, MH, Akamatsu, T, Akiyama, Y, Iversen, M, Iwata, T and Sato, K (2015). Deployment of acoustic, behavioral and camera tags on humpback whales in Skjálfandi Bay, Northeast Iceland, ECS conference, Malta
- Rasmussen, MH, Wahlberg, M, Schack, HB, Bircher, N, Iversen M & Siebert U (2015). A large hydrophone array to localize vocalizing blue whales (*Balaenoptera musculus*) in Skjálfandi Bay, Iceland. *Biology conference, Reykjavík, Iceland.*
- Rasmussen, MH, Levenson, J, Whittaker, M and Zetterlind (2015). A Case Study From Iceland: Spotter Pro-Combining Smartphones And Cloud-Computing To Describe The Cetacean Population In Iceland. *Biennial Conference on Marine Mammals, San Francisco, U.S.A.*
- Zeza, L, Bertulli, CG, Fabbri, E and Rasmussen, M (2015). Effect of whale-watching traffic on the behaviour of white-beaked dolphin (*Lagenorhynchus albirostris*) in Faxaflói bay, Iceland. *Biennial Conference on Marine Mammals, San Francisco, U.S.A.*
- Rögnvaldsdóttir, LB (2015). Svæðisbundin gagnaöflun í ferðabjónustu. Þjóðarspejillinn XVI. Ráðstefna í félagsvísindum, Háskóla Íslands, 30. október 2015.
- Rögnvaldsdóttir, LB (2015). Framboð gagna í ferðabjónustu. Hvað vitum við að við vitum ekki? Örráðstefna um stöðu rannsókna á íslenski ferðabjónustu. Háskóli Íslands, 29. október 2015.
- Rögnvaldsdóttir, LB (2015). Hvaða gögn eru til gagns – í svæðisbundinni stefnumótun ferðabjónustu? *Ferðamálaþing 2015. Menningarhúsinu Hofi, 28. október 2015*
- Rögnvaldsdóttir, LB (2015). Efnahagsleg áhrif hvalaskoðunar í Eyjafirði og á Húsavík. Málþing Hvalaskoðunarsamtaka Íslands um hvalaskoðun og uppbyggingu hafnarsvæða. Hvalasafnið á Húsavík 26. maí 2015
- Rögnvaldsdóttir, LB (2015). Þróun og staða ferðabjónustu á Húsavík. Ársfundur Stofnunar Rannsóknasetra HÍ, Húsavík 9. apríl 2015.
- Rögnvaldsdóttir, LB (2015). Þróun og tölfræði ferðabjónustu á Húsavík. Fundur á vegum Húsavíkurstofu og Þekkingarnets Þingeyinga um ferðamál í Hvalasafninu á Húsavík 4. febrúar 2015
- Rögnvaldsdóttir, LB (2015). Þróun og staða ferðabjónustu. Tæpitungulaust: Fyrirlestrar um ferðabjónustu. Fundur á vegum Þekkingarnets Þingeyinga um ferðabjónustumál í Þórshöfn 2. febrúar 2015.
- Rögnvaldsdóttir, LB (2015). Ferðabjónusta í Þingeyjarsýslum. Áskoranir og tækifæri í ferðabjónustu vegna uppbyggingar Þeistareykjavirkjunar. Samráðsfundur Landsvirkjunar, Mývatnsstofu, Ferðamálasamtaka Þingeyjarsveitar og Húsavíkurstofu. Ýdölum 13. janúar 2015.



Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði

Fastir starfsmenn rannsóknasetursins voru dr. Þorvarður Árnason, forstöðumaður, og Soffía Auður Birgisdóttir, cand. mag., sérfræðingur í menningarmálum. Johannes T. Welling, doktorsnemi í ferðamálafræði, var í hlutastarfi á vegum setursins. Auk ofangreindra störfuðu um tíu manns, flestir starfsmenn eða nemendur við Háskóla Íslands, að rannsóknum á landslagi og víðernum sem Þorvarður stýrði fyrir hönd Áætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða (Rammaáætlun).

Meginverkefni setursins eru rannsóknir á umhverfis- og menningarmálum, en það sinnir einnig margvíslegum hagnýtum verkefnum, einkum á sviði ferðamála. Soffía Auður lauk við ítarlega rannsókn sína á höfundarverki Þórbergs Þórðarsonar með útgáfu bókarinnar *Ég skapa – þess vegna er ég*. Johannes T. Welling hélt áfram doktorsrannsóknum sínum á tengslum loftslagsbreytinga og ferðaþjónustu, m.a. með styrk frá Vinum Vatnajökuls. Johannes og Þorvarður birtu tímaritsgrein um rannsóknirnar, auk þess að ganga frá bókarkafli í fræðilegu greinasafni. Starf Þorvarðar beindist að stærstum hluta að undirbúningi og umsjón með fjölda nýrra rannsókna á landslagi og víðernum fyrir Rammaáætlun sem hófust um mitt sumar. Hann tók einnig þátt í undirbúningsrannsóknum vegna verkefnisins „Líf og land“ á Breiðamerkursandi en það er þverfræðilegt verkefni um landnám lífvera og þróun vistkerfa og landslags á svæðum sem hafa komið undan Breiðamerkurjökli á síðustu 110-120 árum. Þorvarður hóf einnig vinnu á árinu við nýtt þriggja ára fjölþjóðlegt verkefni, „Slow Adventure in Northern Territories (SAINT)“, sem miðar að rannsóknum, nýsköpun og markaðssetningu á „yndis-ævintýraferðum“, þ.e. ferðaþjónustu sem leitast við að tvinna saman upplifun af náttúru og menningu, samhliða fræðslu, með útveru og hreyfingu í stórbrotnu umhverfi. Hann kynnti einnig yfirstandandi rannsóknir sínar á norðurljósum með tveimur fyrirlestrum á árinu. Soffía Auður og Þorvarður hófu á árinu undirbúning að nokkrum nýjum rannsóknaverkefnum. Verkefni Soffíu Auðar ber vinnutilinn „Hver var Guðrún Sveinbjarnardóttir?“ og er rannsókn á sviði kynjafræði. Þorvarður undirbjó umsókn í Tækniþróunarsjóð (Hagnýt rannsóknaverkefni) vegna verkefnisins „Efling ferðaþjónustu utan háannar á Íslandi“ og vann einnig að umsókn til Rannsóknasjóðs um áður nefndar rannsóknir á Breiðamerkursandi.

Þorvarður og Soffía Auður leiðbeindu að vanda töluverðum fjölda rannsóknarnema og luku þrjú þeirra prófi á árinu: Doktorsnemin Guðbjörg R. Jóhannesdóttir, heimspekingur, og meistaranemarnir Ingibjörg Sigurðardóttir, bókmenntafræðingur, og Guðrún S. Sigurðardóttir, ferðamálafræðingur. Vettvangsnámskeiðið Management of Protected Areas var kennt níunda árið í röð í samstarfi við námsbraut í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands. Þorvarður tók einnig þátt í tíu daga þverfræðilegu doktorsnámskeiði sem haldið var á vegum Nordic Network for Interdisciplinary Environmental Studies (NIES) og flutti þar tvo fyrirlestra. Rannsóknasetrið sá einnig um vettvangsnámskeið um Kyngervi og loftslagsbreytingar fyrir Jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna (UNU-GEST) og tók á móti tveimur öðrum erlendum skóláhópum. Þá tóku Soffía Auður og Þorvarður bæði þátt í umsjón verkefnavinnu á Vísindadögum Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu (FAS). Dagný Kristjánsdóttir og Erla Hulda Halldórsdóttir fluttu erindi í fyrirlestraröð Rannsóknastofu í jafnréttisfræðum, RIKK, „Ömmur á faraldsfæti“ í Nýheimum í september í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.

Soffía Auður var varamaður í háskólaráði Háskóla Íslands. Þorvarður var meðlimur í faghópi 1 (náttúru- og menningarmínjar) í Rammaáætlun. Hann sat í stjórn Þekkingarsetursins Nýheima

Starfsemi Stofnunar rannsóknasetra HÍ á Austurlandi

Einn starfsmaður starfaði á vegum Stofnunar rannsóknasetra HÍ á Austurlandi á árinu. Dr. Unnur Birna Karlsdóttir sagnfræðingur var ráðin til tveggja ára rannsóknaverkefnis undir yfirskriftinni „Maður og náttúra“ og kom hún til starfa við starfsstöð Stofnunar rannsóknasetra HÍ á Egilsstöðum 1. apríl. Fyrstu tvo mánuðina var Unnur í hálfu starfi hjá Stofnun rannsóknasetra og hálfu starfi í stöðu forstöðumanns Minjasafns Austurlands en í fullu starfi frá 1. júní.

Viðfangsefni Unnar er sess hreindýra í íslenskri náttúrusýn. Það felur í sér rannsókn á viðhorfum til hreindýranna síðan þau voru flutt til Íslands á seinni hluta 18. aldar og fram til ársins 2015 og helstu þáttum sem hafa haft áhrif í þessari tilteknu hlið á sambúð manns og náttúru hér á landi.

Rannsóknin á marghliða sögu sambúðar manna og hreindýra á Íslandi hófst af fullum krafti vorið 2015 og í árslok lá fyrir mikið heimildasafn og drög að rannsóknartexta sem nýttur verður á árinu 2016 við miðlun efnisins á fræðilegum vettvangi, í greinum og fyrirlestrum.

Unnur Birna hefur skrifstofu hjá Austurbrú, í húsakynnum að Tjarnarbraut 39A, í nánum tengslum við fjölbreytt starfs- og vísindasamfélag þar sem Náttúrustofa Austurlands og Umhverfisstofnun auk fleiri stofnana eru með starfsemi á sömu slóðum.



og Nordic Network for Interdisciplinary Environmental Studies og í skólanefnd Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu. Rannsóknasetrið tók þátt í skipulagningu Náttúrustofuþings 2015 sem haldið var á Höfn.

Ritaskrá:

- Johannes T. Welling (2015a). „Glacier tourism and climate change: perception and adaptive responses to climate change from glacier tour operators of the Vatnajökull region, Iceland.“ Í O. Cenik Demiroglu, C.R. De Freitas, D. Scott, M. Levent Kurnaz og D. Ünalán (ritstjórar): Proceedings of the 4th International Conference on Climate, Tourism and Recreation, bls. 86-91.
- Johannes T. Welling (2015b). Impacts and adaptive responses of the tourism sector to climate change: adaptation processes of glacier tour operators in the Vatnajökull Region. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála, 48 bls.
- Johannes T. Welling, Þorvarður Árnason og Rannveig Ólafsdóttir (2015). „Glacier tourism: a scoping review.“ Tourism Geographies 17(5), bls. 635-662.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2015a). Ég skapa – þess vegna er ég. Um skrif Þórbergs Þórðarsonar. Reykjavík: Opna bókaútgáfa, 358 bls.
- Soffía Auður Birgisdóttir (2015b). „Kynferðislegt ofbeldi: krabba-mein á þjóðarlíkama.“ Ritdómur um Kötu eftir Steinar Braga. Tímarit Máls og menningar, 4. hefti 2015, bls. 132-136.

Fyrirlestrar:

- Johannes T. Welling. „Glacier tourism and climate change: perception and adaptive responses to climate change from glacier tour operators of the Vatnajökull region, Iceland.“ 4th International Conference on Climate, Tourism and Recreation, Istanbul, Tyrklandi, 18.-20. september 2015.
- Johannes T. Welling og Þorvarður Árnason. „Glacier cave tours in the Vatnajökull glacier: an emerging Icelandic winter adventure tourism niche.“ 24th Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research, Reykjavík, 1.-3. október 2015.
- Soffía Auður Birgisdóttir. „Spámaðurinn Þórbergur Þórðarson og vald orðræðunnar.“ Hugvísindapeningi Háskóla Íslands, Reykjavík, 13.-14. mars 2015.
- Soffía Auður Birgisdóttir. „Rómantísk vitfíring og dýrð náttúrunnar. Um náttúru lýsingar Þórbergs í Suðursveitarbókunum.“ Þórbergssetur, Hala í Suðursveit, 22. mars 2015.

- Soffía Auður Birgisdóttir. „Ég skapa – þess vegna er ég: um rannsóknir á skrifum Þórbergs.“ Rannsóknarþing Nýheima, Höfn, 26. nóvember 2015.
- Þorvarður Árnason. „Perceiving dynamically in the dark – confessions of an Aurora hunter.“ The Dynamics of Darkness in the North, Reykjavík, 26.-28. febrúar 2015.
- Þorvarður Árnason. „Dýrðlegar sýnir – nokkrar birtingarmyndir Norðurljósanna í máli og myndum.“ Opunarfrýrlestur á Hugvísindapeningi Háskóla Íslands, Reykjavík, 13.-14. mars 2015.
- Þorvarður Árnason. „Jarðnánd Jóhannesar S. Kjarvals.“ Hugvísindapeningi Háskóla Íslands, Reykjavík, 13.-14. mars 2015.
- Þorvarður Árnason. „The Lure of the Ring: Merry-Go Round turned Vicious Circle?“ 24th Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research, Reykjavík, 1.-3. október 2015.
- Þorvarður Árnason. „Allt milli himins og jarðar – verkefni Rannsóknasetursins á Hornafirði.“ Rannsóknarþing Nýheima, Höfn, 26. nóvember 2015.
- Þorvarður Árnason og Eyjólfur Guðmundsson. „Netsamstarf mennta- og menningarstofnana.“ Ársfundur Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustur, 15. október 2015.

Veggspjöld:

- Johannes T. Welling. „Climate change adaptation of glacier tour operators.“ Þjóðarspejillinn XVI, Reykjavík, 30. október 2015.

Lokaritgerðir:

- Guðbjörg R. Jóhannesdóttir (2015). Icelandic Landscapes: Beauty and the Aesthetic in Environmental Decision-Making. Doktorsritgerð við Sagnfræði- og heimspekideild Hugvísindasviðs Háskóla Íslands. http://www.hi.is/vidburdir/doktorsvorn_i_heimspeki_gudbjorg_rannveig_johannesdottir
- Ingibjörg Sigurðardóttir (2015). Sjálf í hlutverkum: Ingibjörg Steinsdóttir leikkona (1903-1965) og sjálfsmýndasafn hennar. MA-ritgerð við Íslenskudeild Hugvísindasviðs Háskóla Íslands. <http://skemman.is/en/item/view/1946/21559>
- Guðrún S. Sigurðardóttir (2015). Að ganga í náttúrunni – möguleikar í þróun sjálfbærrar ferðaþjónustu. MA-ritgerð við Ferðamáladeild Háskólans á Hólum. http://holar.is/meistaravorn_i_ferdamaladeild_1

Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi hefur aðsetur í Fjöleimur á Selfossi og í Gunnarsholti á Rangárvöllum. Forstöðumaður setursins er dr. Tómas Grétar Gunnarsson vistfræðingur. Böðvar Þórisson líffræðingur og verkefnisstjóri hóf störf haustið 2015. Þar með eru fastir starfsmenn setursins orðnir tveir sem er mikil lyftistöng. Nýdoktorarnir José Alves, Veronica Mendez og Rebecca Laidlaw og doktorsnemarnir Lilja Jóhannesdóttir og Camilo Carneiro störfuðu við setrið á árinu en Camilo er einnig í námi við háskólann í Aveiro. Adam Wentworth, meistaranemi frá Nottingham Trent háskóla í Bretlandi, stundaði rannsóknir við setrið um sumarið. Forstöðumaður átti einnig þátt í leiðbeiningu meistara- og doktorsnema sem hafa aðalaðsetur annars staðar.

José Alves stundar fjölbreyttar rannsóknir á faruglastofnum í öndvegisverkefni sem fjármagnað er af Rannís. Verkefnið snýst um að tengja landnotkun landbúnaðar við lýðfræði fuglastofna sem Íslendingar bera sérstaka ábyrgð á, svo hægt sé að stýra landnotkun í sem mestri sátt við umhverfið. Lilja Jóhannesdóttir doktorsnemi vinnur einnig að verkefninu en hún lauk vettvangsvinnu á árinu. Verkefni hennar felst í að greina mynstur í landnotkun bænda og búsvæðavali mófugla á landbúnaðarsvæðum og tengja þetta tvennt saman til að geta spáð fyrir um áhrif landbúnaðar á mófuglastofna. Veronica Mendez og Rebecca Laidlaw nýdoktorar stunda rannsóknir á stofnvistfræði tjalda og á afföllum hreiðra hjá íslenskum mófuglum. Tjaldar eru bæði farfluglar og staðfluglar og með rannsóknum á þeim er vonast til að hægt verði að skýra betur hvað ræður því að farflug hefur þróast hjá flestum norrænum fuglum. Lýðfræði fuglastofna ræðst af stórum hluta af afkomu hreiðra. Munur á afkomu hreiðra milli tegunda og búsvæða er lítt þekktur hérlendis en bættur skilningur á þeim mynstrum auðveldar spádóma um áhrif landbreytinga á fuglastofna. Rannsóknastyrki fengust frá Rannís og Breska rannsóknaráðinu 2015 til að sinna þessum verkefnum. Adam Wentworth, meistaranemi frá Nottingham Trent háskóla í Bretlandi, vann að rannsóknum á lýðfræði hrossagauka í Gunnarsholti og lauk námi sínu um haustið.

Unnið hefur verið að því frá stofnun setursins 2009 að koma af stað langtímarannsóknum á lykilþáttum í landvistkerfum og samspili milli umhverfis og dýrastofna. Fléttað er saman rannsóknum á einstökum fuglastofnum þar sem fylgst er með merktum einstaklingum, vöktun á þéttleika og framleiðslu mófugla á stórum svæðum, mælingum á fæðuframboði og á tímasetningum farflugs og varps. Vistkerfarannsóknir af þessu tagi eru fágætar hérlendis en geta varpað ljósi á stjórnun stofna, byggingu fæðuvefja og áhrif landnotkunar og loftslagsbreytinga á náttúrufar þegar fram í sækir. Böðvar Þórisson heldur utan um skipulagningu og framkvæmd og þess er vænst að fyrstu afurðir verkefnisins fari að líta dagsins ljós.

Ráðstefnur voru fyrirferðarmiklar á árinu. Forstöðumaður sat í undirbúningsnefndum fyrir árlega ráðstefnu Vistfræðifélags Íslands sem haldin var í Stykkishólmi í mars og fyrir 13. alþjóðlegu orraflugaráðstefnuna sem haldin var í Reykjavík í september. Þá höfðu starfsmenn setursins leiðandi hlutverk í að skipuleggja og halda ráðstefnu alþjóðlegra samtaka vaðfluglasérfræðinga (International Wader Study Group) sem haldin var á Reykjanesi í október. Ráðstefnan tókst afar vel og sóttu hana um 130 manns frá 22 þjóðlöndum.

Forstöðumaður situr í faghópi 1 fyrir Rammaáætlun sem fundaði stíft á árinu og er einnig í stjórnum Vistfræðifélags Íslands og Kirkjubæjarstofu. Hann á einnig sæti í ritstjórnum tveggja fag-tímarita og er fulltrúi Íslands í alþjóðafuglafræðiráðinu IOC.





Ritryndar greinar

- Gunnarsson, T.G., Arnalds, O., Appleton, G., Mendés, V. & Gill, J.A. 2015. Ecosystem recharge by volcanic dust drives broad-scale variation in bird abundance. *Ecology and Evolution*. DOI: 10.1002/ece3.1523
- Gudjonsson, H., Jonsson, J.E., Stefansson, H.W., Snaethorsson, A.O. & Gunnarsson, T.G. 2015. Annual and large-scale variation in breeding output of Greylag geese (*Anser anser*) in Iceland. *Bird Study*. DOI:10.1080/00063657.2015.1034655
- Katrínardóttir, B., Alves, J.A., Sigurjonsdóttir, H., Hersteinsson, P. & Gunnarsson, T.G. 2015. The effects of habitat type and volcanic eruptions on the breeding demography of Icelandic Whimbrels *Numenius phaeopus*. *PLOS One* DOI: 10.1371/journal.pone.0131395
- Catry T, Lourenço PM, Lopes RJ, Bocher P, Carneiro C, Alves JA, Delaporte P, Bearhop S, Piersma T, Granadeiro JP 2015. Use of stable isotopes fingerprints to assign wintering origin and trace shorebird movements along the East Atlantic Flyway. *Basic And Applied Ecology*. 17, 177-187.
- Lourenço, P.M., Alves, J.A., Catry, T. & Granadeiro, J.P. 2015. Foraging ecology of sanderlings *Calidris alba* wintering in estuarine and non-estuarine intertidal areas. *Journal of Sea Research*, 104: 33-40. dx.doi.org/10.1016/j.seares.2015.06.013
- Catry, T., Lourenço, P.M., Lopes, R.J., Carneiro, C., Alves, J.A., Costa, J., Rguibi-Idrissi, H., Bearhop, S., Piersma, T. & Granadeiro, J.P. 2015. Structure and functioning of tidal food webs across an avian migratory flyway: a comparative approach using stable isotopes. *Functional Ecology*. dx.doi.org/10.1111/1365-2435.12506
- Jón Einar Jónsson, Þórður Örn Kristjánsson, Árni Ásgeirsson, Tómas Grétar Gunnarsson 2015. Breytingar á fjölda æðarhreiðra á Íslandi. *Náttúrufræðingurinn* 85 (3–4), bls. 141–152.

Erindi á ráðstefnum

- Gunnarsson, T.G., Alves, J.A., Sutherland, W.J., Potts, P.M. & Gill, J.A. Settlement decisions of juvenile shorebirds. *Wader Study Group Conference*, Reykjanesbaer, Iceland, October 2015.
- Gill, J.A., Gunnarsson, T.G., Appleton, G.F., Potts, P.M. & Alves, J.A. Drivers of advances in timing of bird migration. *International Wader Study Group Conference*, Reykjanesbaer, Iceland, October 2015.
- Alves, J.A. Gill, J.A. & Gunnarsson, T.G. Mechanistic processes that can drive changes in migratory systems. *European Ornithologists' Union conference*, Badajoz, Spain, September 2015

Gill, J.A., Alves, J.A. & Gunnarsson, T.G. Identifying mechanistic processes that drive changes in migratory systems. *European Ornithologists' Union conference*, Badajoz, Spain, September 2015


Gunnarsson, T.G., Alves, J.A., Potts, P.M., Sutherland, W.J. & Gill, J.A. Settlement decisions of juvenile shorebirds. *Annual Conference of the Ecological Society of Iceland*, Stykkishólmur, Iceland, March 2015.

Veggspjöld á ráðstefnum

- Méndez, V., Laidlaw, R.A., Alves, J.A., Þórisson, B., Gunnarsson, T.G., & Gill, J.A. "Understanding the drivers of migratory behaviour" *British Ecological Society Annual Meeting*, Edinburgh, UK, December 2015.
- Jóhannesdóttir, L., Gunnarsson, T.G., Gill, J.A. & Alves, J.A. Is the farmer's dream a wader's nightmare? Future developments of agriculture in Iceland. *Int. Wader Study Group Conference*, Iceland, October 2015. AWARDED "2nd BEST POSTER"
- Méndez, V., Laidlaw, R.A., Alves, J.A., Þórisson, B., Gunnarsson, T.G., & Gill, J.A. "To migrate or not to migrate, that is the question!" *International Wader Study Group Conference*, Ásbrú, Reykjanesbaer, Iceland, October 2015.
- Carneiro, C., Mendez, V., Dias, M.A., Gunnarsson, T.G. & Alves, J.A. Do males overtake females? Migration schedules of Icelandic Whimbrel pairs. *Int. Wader Study Group Conference*, Reykjanesbaer, Iceland, October 2015. AWARDED "3rd BEST POSTER".
- Méndez, V., Laidlaw, R.A., Alves, J.A., Þórisson, B., Gunnarsson, T.G., & Gill, J.A. "To migrate or not to migrate, that is the question!" *BTO Annual Conference*, Swanwick, UK, December 2015.
- Laidlaw, R.A., Méndez, V., Alves, J.A., Gill, J.A. & Gunnarsson, T.G. Timing of Icelandic wader nesting and predation. *International Wader Study Group Conference*, Reykjanesbaer, Iceland, October 2015.
- Elísa Skúladóttir, Gunnar Þór Hallgrímsson og Tómas Grétar Gunnarsson. *Fæðuatferli heiðlóu utan varptíma*. Líffræðiráðstefnan 2015.

Meistararitgerð

Adam Wentworth 2015. Effect of different habitats on Common Snipe (*Gallinago gallinago*) breeding abundance and nest survival in lowland Iceland. MSc thesis. Nottingham Trent University.



Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum

Forstöðumaður setursins er dr. Halldór Pálmar Halldórsson sjávarlíffræðingur. Óskar Sindri Gíslason var í 20% starfi fram á mitt árið samhliða doktorsnámi en í júní varði hann doktorsritgerð sína við Háskóla Íslands um landnám grjótkrabbans. Hermann Dreki Guls hóf störf við setrið 1. apríl í fullu starfi. Rannsóknasetrið deilir húsnaði í Sandgerði með Náttúrustofu Suðvesturlands og Þekkingarsetri Suðurnesja sem eru nánir samstarfsaðilar. Rannsóknir setursins tengjast einkum lífríki sjávar, með megináherslu á vistfræði og áhrif mengandi efna á sjávarlífverur.

Helstu verkefni ársins voru áframhaldandi rannsóknir á kröbbum þar sem m.a. uppruni og útbreiðsla grjótkrabbans er rannsökuð. Samhliða þessum rannsóknum var lögð áhersla á ný verkefni sem tengjast krabbadýrum þar sem meðal annars eru notaðir ýmsir líffræðilegir mælikvarðar í dýrunum í tengslum við mengun, s.s. ensímavirkni, DNA skemmdir, frumubreytingar og öndun. Þessir mælikvarðar eru liður í þróun mengunarmiðstöðvar þar sem áherslan er á eiturefnavistfræði á viðum grunni og er styrkt af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja. Aldursgreiningar á kröbbum í samstarfi við Náttúrustofu Suðvesturlands og Hafrannsóknastofnun hófust á árinu. Hingað til hefur ekki verið talið gerlegt að aldursgreina krabbadýr með neinni vissu en með nýrri aðferð sem gengur út á að greina áhringi í magakvörnum og augnstilkum hefur slík aldursgreining reynt möguleg. Rannsóknir á evrópska humrinum með áherslu á mögulegt eldi hér á landi héldu áfram ásamt rannsóknum á heilsu fugla þar sem markmiðið er að meta heilbrigði þeirra með líffræðilegum mælikvörðum í tengslum við fuglavlensu, mengun og líkamsástand fuglanna. Verkefnið er unnið í samvinnu við Gunnar Þór Hallgrímsson, dósent við Líf- og umhverfisvísindadeild HÍ, Náttúrustofu Suðvesturlands, Þekkingarsetur Suðurnesja og vísindamenn frá National Wildlife Health Center – US Geological Survey í Bandaríkjunum.

Haldið var áfram rannsóknum á lífríki fjara á Reykjanesi, og verkefninu „Sjálfvirk greining átusýna“ sem styrkt var af AVS sjóðnum og er unnið í samstarfi við Þekkingarsetur Suðurnesja og Hafrannsóknastofnun. Verkefnið „Vaxtarrými Evrópuhumars við breytilegar eldisaðstæður“ var styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna og unnið við setrið.

Setrið tók við umsjón á Gavia, sjálfvirkum kafbáti í eigu Háskóla Íslands og hefur Hermann Dreki verið þjálfaður í að nota hann og forrita. Kafbáturinn nýtist m.a. við rannsóknir á botndýrum (ljósmyndir og botnsjá), bæði í rannsóknaverkefnum setursins og í samstarfs- og þjónustuverkefnum.

Setrið tók þátt í viðamiklu þjónustuverkefni á árinu sem snýr að rannsóknum á lífríki fjöru og sjávar vegna fyrirhugaðrar fráveitu HS Orku á affallsvökva í Arfadalsvík vestan Grindavíkur. Af smærri þjónustuverkefnum má nefna botnsýnatökur fyrir Faxaflóahafnir og ýmsar sýnatökur vegna plast- og skólpmengunar í Faxaflóa.

Sæmundur fróði RE, rannsóknabátur Háskóla Íslands, sökk í Reykjavíkurböfn í miklu óveðri í desember. Halldór Pálmar hafði séð um bátinn frá því skólinn eignaðist hann fyrir 13 árum og var báturinn mikið nýttur til ýmissa rannsóknaverkefna, bæði á vegum setursins og annarra. Óvíst er með áframhaldandi rannsóknaverkefni af þeim sökum en vonir standa til að Háskóli Íslands eignist annan bát í nánustu framtíð.

Ritryndar greinar

Martinez-Gomez, C., Robinson, C.D., Burgeot, T, Gubbins, M., Halldorsson, H.P., Albentosa, M., John P. Bignell, J.P., Hyl-land, K., Vethaak, A.D. 2015. Biomarkers of general stress



in mussels as common indicators for marine biomonitoring programmes in Europe: The ICON experience. *Marine Environmental Research* xxx: 1–11. <http://dx.doi.org/10.1016/j.marenvres.2015.10.012>.

- Scarlet. M.P.J., Halldórsson, H.P., Granmo, Å. 2015. Scope for growth and condition index in the clam *Meretrix meretrix* (L.) as biomarkers of pollution in Espírito Santo Estuary, Mozambique. *Regional Studies in Marine Science* 1: 63–71.
- Kilada, R., Agnalt, A.L., Arboe, N.H., Bjarnason, S., Burmeister, A.D., Farestveit, E., Gíslason, Ó.G., Guðlaugsdóttir, A., Guðmundsdóttir, D., Jónasson, J.P., Jónsdóttir, I.G., Kvalsund, M., Sheridan, M., Stansbury, D., Søvik, G. 2015. Feasibility of using growth band counts in age determination of four crustacean species in the northern Atlantic. *Journal of Crustacean Biology* 35, 499–503.
- Karl Gunnarsson, Guðrún G. Þórarinsdóttir og Óskar Sindri Gíslason. 2015. Framandi sjávarlífverur við Ísland. *Náttúrufræðingurinn* 85 (1-2): 4–14.

Fyrirlestur

- Soffía K. Magnúsdóttir, Halldór P. Halldórsson, Ragnheiður I. Þórarinsdóttir. Feeding trials and environmental effect on the metabolic rate of the European lobster *Homarus gammarus*. *Aquaculture Europe 2015*. Wageningen University, Rotterdam, Holland, 22. október 2015.
- Óskar Sindri Gíslason, Halldór Pálmar Halldórsson, Jónas Páll Jónasson, Snæbjörn Pálsson og Jörundur Svavarsson. Re-markable crabs. *Líffræðiráðstefnan, Líffræðifélag Íslands, Öskju – Náttúrufræðahúsi*, 5-7. nóvember 2015.
- Halldór Pálmar Halldórsson. Lumpfish (*Cyclopterus lumpus* L.) embryos and larvae in marine pollution monitoring. *Erindi haldið fundi Alþjóðahafannsóknaráðsins (ICES) um áhrif mengandi efna á lífverur (WGBEC – The Working Group on Biological Effects of Contaminants)*. IMR Bergen, Noregi, 9.-13. mars 2015.
- Halldór Pálmar Halldórsson. The University of Iceland's Research Centre in Sudurnes – Sandgerði. Ítarleg kynning á starfsemi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum. *Erindi haldið fyrir starfsfólk Háskólans í Umeå. Opinn fyrirlestur í Öskju – Náttúrufræðahúsi*, 29. september 2015.
- Halldór Pálmar Halldórsson. Marine pollution monitoring using mussels. *Erindi haldið á Grænum dögum á vegum GAIA í Odda (The Ocean Green Days – GAIA)*, 25. mars 2015.

Vegspjöld

- Sunna Björk Ragnarsdóttir, Sólvi Rúnar Vignisson, Íris Mýrdal Kristinsdóttir, Gunnar Þór Hallgrímsson og Halldór Pálmar Halldórsson. Ástir og örlög doppa á Reykjaneskaga. *Líf-*



fræðiráðstefnan, Líffræðifélag Íslands, Öskju – Náttúrufræðahúsi, 5.-7. nóvember 2015.

- Soffía Karen Magnúsdóttir, Halldór Pálmar Halldórsson, Sólvi Rúnar Vignisson, Hermann Dreki Guls, Sunna Björk Ragnarsdóttir og Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir. Vaxtarými Evrópuhumars (*Homarus gammarus*) við ólíkar eldisaðstæður. *Líffræðiráðstefnan, Líffræðifélag Íslands, Öskju – Náttúrufræðahúsi*, 5.-7. nóvember 2015.
- Sólvi Rúnar Vignisson, Halldór Pálmar Halldórsson, Sólrún Sigurgeirsdóttir og Ástþór Gíslason. Sjálfvirk greining svifdýra. *Líffræðiráðstefnan, Líffræðifélag Íslands, Öskju – Náttúrufræðahúsi*, 5.-7. nóvember 2015.
- Kristján Axel Tómasson, Halldór Pálmar Halldórsson og Gunnar Þór Hallgrímsson. Snikjudýr í blóði strandfugla (*Charadriiformes*). *Líffræðiráðstefnan, Líffræðifélag Íslands, Öskju – Náttúrufræðahúsi*, 5.-7. nóvember 2015.
- Sólvi Rúnar Vignisson, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Gunnar Þór Hallgrímsson og Halldór Pálmar Halldórsson. Seasonal variation in benthic invertebrate assemblage in *Fucus spiralis* and *Ascophyllum nodosum* at differently exposed rocky shores in SW-Iceland. *Ráðstefna Vistfræðifélags Íslands, Stykkishólmi*, 23.-24. mars 2015.

Prófrítgerðir

- Óskar Sindri Gíslason 2015. Invasion of the Atlantic rock crab (*Cancer irroratus*) in Icelandic waters. *Doktorsritgerð við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands*.
- Madeline Olivia Young 2015. Marine animal entanglements in mussel aquaculture gear – Documented cases from mussel farming regions of the world including first-hand accounts from Iceland. *Meistararitgerð við Háskóla- og Vestfjarða- og Háskólann á Akureyri*.
- Kristján Axel Tómasson 2015. Snikjudýr í blóði strandfugla (*Charadriiformes*). *BS-ritgerð við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands*. <http://hdl.handle.net/1946/21849>





HÁSKÓLI ÍSLANDS
STOFNUN RANNSÓKNASETRA HÁSKÓLA ÍSLANDS

www.rannsoknasetur.hi.is

